

Skaðsemisábyrgð

Vátryggingarskilmálar nr. AA21

Um vátrygginguna gilda:

- Vátryggingarskírteinið ásamt áritunum og serskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. AA21
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun ganga framur ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framur frávíkjanlegum lagaákvæðum.

Efnisyfirlit:

A. Almennir skilmálar

1. Vátryggður
2. Vátryggingin gildir
3. Ábyrgðartími
4. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
5. Varúðarreglur
6. Brot á varúðarreglum
7. Áhættubreyting
8. Útreikningur iðgjalds
9. Greiðsla iðgjalds
10. Endurgreiðsla iðgjalds
11. Vátryggingarfjárhæð
12. Eigin áhætta
13. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón
14. Ákvörðun bóta fyrir munatjón
15. Staða tjónþola við tjón
16. Meðferð bótakrafna
17. Fyrning

B. Skaðsemisábyrgð

18. Bótasvið

C. Víðtæk vöruábyrgð (valkvætt)

19. Bótasvið

A. Almennir skilmálar

Almennir skilmálar gilda um B og C kafla skilmála þessara.

1. Vátryggður

Vátryggingartaki er vátryggður.

2. Vátryggingin gildir

Vátryggingin tekur til vátryggingaratburðar sem verður:

2.1 Á Íslandi.

2.2 Í ríkjum utan Íslands sé þeirra sérstaklega getið á vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Bætur fyrir tjón sem hlýst utan þessara ríkja greiðast ef tjónið verður rakið til söluvöru sem flutt er út úr nefndum ríkjum óbreytt, endurunnin eða sem hluti af annarri vöru:

2.2.1 Til einkanota.

2.2.2 Í atvinnuskyni, án þess að vátryggðum hafi verið eða átt að vera kunnugt um að varan yrði flutt út úr þessum ríkjum.

3. Ábyrgðartími

3.1 Vátryggingin tekur til skaðabótakröfu á hendur vátryggðum er til stofnast á vátryggingartímabilinu án tillits til þess hvenær það atvik varð sem krafan reis af.

3.2 Skaðabótakrafa telst hafa stofnast við það tímamark að hið fyrra af eftirfarandi tilvikum hefur borið að höndum:

3.2.1 Tjónþoli gerir skriflega skaðabótakröfu á hendur vátryggðum eða félaginu.

3.2.2 Vátryggðum verður fyrst kunnugt um að þriðji maður hefur orðið fyrir fjárhagslegu tjóni sem gæti fallið undir vátryggingu þessa og kunni að verða rakið til gáleysis vátryggðs eða söluvöru hans, eða að bein hætta sé á að slíkt tjón verði.

3.3 Skaðabótakröfu samkvæmt gr. 3.2 sem rakin er til tjóns er verður hvort heldur skyndilega eða smám saman bætur félagið ekki hafi tjón komið í ljós að einhverju eða öllu leyti áður en vátryggingartímabilið hófst.

4. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætur ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

4.1 Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

4.2 Styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.

4.3 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

5. Varúðarreglur

5.1 Vátryggður skal fara eftir fyrirmælum í lögum og reglugerðum að því er varðar mengunarvarnir.

5.2 Vátryggður skal ekki gefa rangar eða villandi upplýsingar um eiginleika eða notkun vöru, sem hann selur eða lætur á annan hátt af hendi, t.d. í sölu- eða leiðbeiningarbæklingum.

5.3 Vátryggður skal sjá til þess að vörur sem hann selur eða lætur á annan hátt af hendi fari í lögboðið gæðaeftirlit áður en þær fara á markað og gera sjálfur þær prófanir og greiningar sem hið opinbera fyrirskipar.

5.4 Vátryggður skal ekki setja á markað söluvöru sem hann veit eða mátti vita að haldin væri skaðlegum eiginleikum.

5.5 Vátryggður skal fylgja opinberum reglum og fyrirmælum um efnaíblandanir.

5.6 Vátryggður skal fylgja reglum og fyrirmælum um merkingar söluvöru.

6. Brot á varúðarreglum

Skylt er að fara eftir varúðarreglum í skilmálum þessum. Sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

7. Áhættubreyting

Vátryggður skal tilkynna félaginu um allar breytingar á umfangi og eðli atvinnurekstrarins sem haft geta í för með sér aukna hættu á tjóni. Vanræksla á þessari tilkynningarskyldu getur valdið því að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta, sbr. 24. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

8. Útreikningur iðgjalds

Iðgjald vátryggingarinnar tekur mið af veltu og starfsemi vátryggingartaka. Ef ekki er

hægt að ákveða endanlegt iðgjald í upphafi vátryggingartímabils er það áætlað og endanlegt iðgjald reiknað við lok tímabilsins. Vátryggingartaka er skylt í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir lok vátryggingartímabils að láta félaginu í té allar þær upplýsingar sem það telur nauðsynlegar til endanlegrar ákvörðunar iðgjalds. Berist upplýsingar þessar ekki í tæka tíð er félaginu heimilt að ákveða endanlegt iðgjald eins og það telur sanngjarnt.

9. Greiðsla iðgjalds

9.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist.

9.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu vátryggingarsamnings, sbr. 33. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

10. Endurgreiðsla iðgjalds

Falli vátryggingarsamningur úr gildi áður en vátryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem vátryggður hefur greitt fyrir og vátryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þó ekki ef vátryggingarsamningur hefur fallið úr gildi vegna þess að félagið hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða umsamda vátryggingarfjárhæð.

11. Vátryggingarfjárhæð

11.1 Ábyrgð félagsins á hverju vátryggingartímabili takmarkast við vátryggingarfjárhæð sem tilgreind er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Þetta gildir þótt fleiri en eitt tjónsatvik verði á vátryggingartímabilinu.

11.2 Ábyrgð félagsins vegna hvers einstaks vátryggingaratburðar takmarkast einnig við þá vátryggingarfjárhæð sem tilgreind er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Verði mörg tjón vegna sama vátryggingaratburðar teljast þau vera af völdum eins vátryggingaratburðar.

11.2.1 Ábyrgð félagsins vegna vátryggingaratburðar takmarkast við vátryggingarfjárhæð á því vátryggingartímabili sem fyrsta skaðabótakrafa kom fram vegna vátryggingaratburðarins, enda þótt kröfur séu gerðar á fleiri vátryggingartímabilum. Draga skal frá vátryggingarbætur sem kunna að hafa verið greiddar vegna annarra

- tjónsatburða á því tímabili.
- 11.3 Kostnaður sem til er stofnað með samþykki félagsins til þess að skera úr um bótaskyldu vátryggðs og vextir af bótafjárhæð greiddast, enda þótt greiðsla félagsins fari af þeim sökum fram úr vátryggingarfjárhæðinni. Þegar um er að ræða tjón utan Norðurlanda takmarkast greiðsluskylda félagsins við vátryggingarfjárhæðina.
- 11.4 Sé vátryggingarfjárhæðin lægri en höfuðstóll bótafjárhæðar greiddist aðeins sá hluti kostnaðar og vaxta er svarar til bótafjárhæðar þeirrar sem félaginu ber að greiða.
- 12. Eigin áhætta**
- 12.1 Af hverju tjóni ber vátryggingartaki sjálfur eigin áhættu sem tiltekin er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 12.2 Nái höfuðstóll bótakröfu ekki lágmarki eigin áhættu greiðir félagið ekki heldur kostnað þótt krafan og kostnaðurinn verði samanlagt hærri en fjárhæð eigin áhættu.
- 13. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón**
- Bætur fyrir líkamstjón ákvarðast á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993.
- 14. Ákvörðun bóta fyrir munatjón**
- 14.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi.
- 14.2 Félagið getur annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist og greitt viðgerðarkostnað, ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati félagsins.
- 14.3 Félagið getur greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu, ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati félagsins. Hafi félagið greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.
- 14.4 Félagið hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir vátryggingaratburð og verðmæti eftir vátryggingaratburð.
- 14.5 Vátryggður skal ekki hagnast á vátryggingaratburði. Vátryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón vátryggðs.
- 15. Staða tjónpola við tjón**
- 15.1 Ef vátrygging tekur til tjóns vátryggðs vegna skaðabótaábyrgðar sem hann ber getur tjónpóli krafist bóta beint frá félaginu. Félaginu og vátryggðum er skylt að upplýsa tjónpóla um ábyrgðartryggingu sé hún fyrir hendi.
- 15.2 Ef fram kemur krafa um bætur á hendur félaginu skal tilkynna það vátryggðum án ástæðulauss dráttar og veita honum upplýsingar um meðferð kröfunnar. Viðurkenning félagsins á atriðum sem lúta að ábyrgð er ekki bindandi fyrir vátryggðan.
- 15.3 Nú tilkynnir tjónpóli félaginu að hann hyggist höfða mál á hendur því og getur það þá krafist þess að hann beini málshöfðuninni einnig gegn vátryggðum. Skal félagið tilkynna tjónpóla um þá kröfu sína án ástæðulausrar tafar og á sannanlegan hátt.
- 15.4 Um stöðu tjónpóla að öðru leyti vísast til 44. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 16. Meðferð bótakrafna**
- 16.1 Vátryggður má ekki viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bætur án samþykkis félagsins.
- 16.2 Félagið kemur fram fyrir hönd hinna vátryggðu og ræður málsmeðferð allri og annast málsmeðferð fyrir dómstólum ef á reynir. Sama gildir um kröfur um laun fyrir björgun eða aðstoð.
- 17. Fyrning**
- Ábyrgð félagsins fyrnist samkvæmt reglum um fyrningu skaðabótaábyrgðar, sbr. 2. mgr. 52. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.
- B. Skaðsemisábyrgð**
- 18. Bótasvið**
- Vátryggingin bætir:
- 18.1 Beint líkams- eða munatjón þriðja manns af völdum vöru sem er haldin ágalla og sem vátryggður selur eða lætur á annan hátt af hendi, enda hafi tjónið orðið eftir að

- vátryggður afhenti söluvöruna. Um skaðabótaábyrgð vátryggðs fer eftir íslenskum lögum um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991. Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins að tjóninu hafi verið valdið í starfsemi þeirri sem nefnd er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 18.1.1 Vátryggingin tekur einnig til munatjóns af völdum vöru sem er haldin ágalla og sem vátryggður selur eða lætur af hendi, enda hafi tjónið orðið eftir að vátryggður afhenti söluvöruna. Þetta ákvæði gildir þó munurinn sé í eigu rekstraraðila og hann sé ekki aðallega ætlaður til einkaafnota.
- Vátryggingin bætir ekki:**
- 18.2 Skemmdir á söluvörunni sjálfri.
- 18.3 Tjón, útgjöld eða kostnað við að vátryggður tekur söluvöru aftur, býr til eða afgreiðir nýja vöru, gerir við, eyðileggur eða flytur á brott vöru eða gerir aðrar þess háttar ráðstafanir vegna galla á hinu selda. Sama á við um kostnað, útgjöld eða tjón vegna könnunar á því hvort söluvara sé gölluð eða hættá sé á að vátryggingaratburðurinn gerist, eða tjóns sem stafar af því að ekki er unnt að nota gallaða söluvöru.
- 18.4 Tjón á munum samkvæmt gr. 18.1.1 sem búnir eru til úr söluvöru vátryggðs, skeyttir eru eða blandaðir við hana eða eru á annan sambærilegan hátt tengdir við hana og tjónið verður af völdum gallaðrar vöru sem vátryggður seldi eða lét á annan hátt af hendi og varð eftir að vátryggður afhenti söluvöruna.
- 18.5 Rekstrartap, afnotamissi eða annað óbeint tjón.
- 18.6 Tjón af völdum söluvöru sem notuð er við rekstur loftfars og á annað hvort þátt í flugslysi eða veldur hættu á því.
- 18.7 Tjón sem rekja má til asbests eða efnis sem inniheldur asbest að einhverju leyti.
- 18.8 Tjón sem rekja má til mengunar lofts, jarðar, gróðurs, vatns eða sjávar. Félagið greiðir þó bætur vegna slíks tjóns, ef það verður rakið til eins skyndilegs atburðar.
- 18.9 Tjón sem rekja má til tóbaks og tóbaksvara.
- 18.10 Tjón sem rekja má til vöru sem haldin er ágalla og er seld eða afhent eftir að sala hennar hefur verið bönnuð á markaði.
- 18.11 Sektir eða önnur refsivíðurlög.
- 18.12 Sérstakar refsikenndar bætur (punitive damages).
- 18.13 Tjón sem beint eða óbeint verður af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira, eða þegar afleiðingar slyss verða meiri vegna framangreindra atriða.
- 18.14 Tap eða tjón sem stafar beint eða óbeint, að öllu leyti eða að hluta af:
- Áhrifum tímaskráningar á starfsemi búnaðar, kerfa eða samblands þessa hvoru tveggja. Umsjón með eða ráðgjöf um áhrif tímaskráningar á starfsemi búnaðar, kerfa eða samblands þeirra.
- Eftirliti, viðurkenningu, ákvörðun, staðfestingu eða áritun um aðstæður þar sem áhrif tímaskráningar á starfsemi búnaðar, kerfa eða samblands þeirra skipta máli (þ.m.t. en þó ekki takmarkað við störf framkvæmdastjóra, stjórnarmanna og endurskoðenda að verkefnum sínum).
- Undanþága þessi á við um allar tímaskráningar.
- Með "tímaskráningu" er átt við tilgreiningu tíma sem byggist á almanakskerfi þegar tilgreiningin verkar sem upplýsingar, kóti, merki eða með hvers konar öðrum hætti í búnaði, kerfi eða samblandi þessa hvoru tveggja.
- Með "búnaði" er átt við hvers konar vélar, tæki, vörur og aðra ápreifanlega hluti eða safn hluta, hvort sem um er að ræða fasteign eða lausafé, þ.m.t. en þó ekki takmarkað við vélbúnað tölva, hugbúnað eða samþætt rafeindakerfi (þ.m.t. örgjörvar og kísilflögur).
- Með "kerfi" er átt við hvers konar upplýsingar, fyrirmæli eða safn þeirra og hvers konar miðla fyrir upplýsingar og fyrirmæli í tölvutæku formi, á pappír eða í formi geisla, bylgna, eðlisfræðilegra áhrifa, efnaferla eða á öðru óápreifanlegu eða ápreifanlegu formi.
- C. Víðtæk vöruábyrgð**
- 19. Bótasvið**
- Vátryggingin bætir:
- 19.1 Tjón á munum sem búnir eru til úr söluvöru vátryggðs, skeyttir eru eða blandaðir við hana eða eru á annan sambærilegan hátt tengdir við hana og tjónið verður af völdum gallaðrar vöru sem vátryggður seldi eða lét á

- annan hátt af hendi og varð eftir að vátryggður afhenti söluvöruna. Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins að tjóninu hafi verið valdið vegna starfsemi þeirrar sem nefnd er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun og af völdum söluvöru sem þar er nefnd.
- 19.2 Greiðsluskylda félagsins samkvæmt gr. 19.1 takmarkast við bótaábyrgð sem beinlínis verður rakin til þess að fleygja verður eða gera við hlut sem búinn er til úr söluvöru vátryggðs eða tengdur henni eins og að ofan greinir eða að hluturinn verður dýrari í framleiðslu eða lækkar í verði. Bætur eru aðeins greiddar fyrir verðrýrnun hlutarins, aukakostnað við framleiðslu eða gerð hans eða beinan kostnað við viðgerð á honum. Eigi eru greiddar bætur fyrir annað tjón, útgjöld eða kostnað, t.d. vegna þess að senda þarf viðgerðarmenn eða aðra starfsmenn á vettvang, taka þarf hluti aftur, rannsaka eða flytja hluti sem búnir eru til úr söluvöru vátryggðs eða vara menn við hættu á slíkum hlutum. Ef skemmdir eða tjón hefur hlotist af söluvöru vátryggðs vegna muna sem getið er í gr. 19.1 ber að draga frá vátryggingarbotum andvirði söluvöru vátryggðs eins og það var miðað við ógallaða vöru.
- Vátryggingin bætur ekki:**
- 19.3 Skemmdir á söluvörunni sjálfri.
- 19.4 Tjón, útgjöld eða kostnað við að vátryggður tekur söluvöru aftur, býr til eða afgreiðir nýja vöru, gerir við, eyðileggur eða flytur á brott vöru eða gerir aðrar þess háttar ráðstafanir vegna galla á hinu selda. Sama á við um kostnað, útgjöld eða tjón vegna könnunar á því hvort söluvara sé gölluð eða hættu sé á að vátryggingaratburðurinn gerist, eða tjóns sem stafar af því að ekki er unnt að nota gallaða söluvöru.
- 19.5 Rekstartap, afnotamissi eða annað óbeint tjón, sbr. þó 19.2.
- 19.6 Tjón af völdum söluvöru sem notuð er við rekstur loftfars og á annað hvort þátt í flugslysi eða veldur hættu á því.
- 19.7 Tjón sem rekja má til asbests eða efnis sem inniheldur asbest að einhverju leyti.
- 19.8 Tjón sem rekja má til mengunar lofts, jarðar, gróðurs, vatns eða sjávar. Félagið greiðir þó bætur vegna slíks tjóns, ef það verður rakið til eins skyndilegs atburðar.
- 19.9 Tjón sem rekja má til tóbaks og tóbaksvara.
- 19.10 Tjón sem rekja má til gallaðrar vöru og er seld eða afhent eftir að sala hennar hefur verið bönnuð á markaði.
- 19.11 Sektir eða önnur refsiviðurlög.
- 19.12 Sérstakar refsikenndar bætur (punitive damages).
- 19.13 Tjón sem beint eða óbeint verður af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eiturunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira, eða þegar afleiðingar slyss verða meiri vegna framangreindra atriða.
- 19.14 Tap eða tjón sem stafar beint eða óbeint, að öllu leyti eða að hluta af:
- Áhrifum tímaskráningar á starfsemi búnaðar, kerfa eða samblands þessa hvoru tveggja.
- Umsjón með eða ráðgjöf um áhrif tímaskráningar á starfsemi búnaðar, kerfa eða samblands þeirra.
- Eftirliti, viðurkenningu, ákvörðun, staðfestingu eða áritun um aðstæður þar sem áhrif tímaskráningar á starfsemi búnaðar, kerfa eða samblands þeirra skipta máli (þ.m.t. en þó ekki takmarkað við störf framkvæmdastjóra, stjórnarmanna og endurskoðenda að verkefnum sínum).
- Undanþága þessi á við um allar tímaskráningar.
- Með "tímaskráningu" er átt við tilgreiningu tíma sem byggist á almanakskerfi þegar tilgreiningin verkar sem upplýsingar, kóti, merki eða með hvers konar öðrum hætti í búnaði, kerfi eða samblandi þessa hvoru tveggja.
- Með "búnaði" er átt við hvers konar vélar, tæki, vörur og aðra áþreifanlega hluti eða safn hluta, hvort sem um er að ræða fasteign eða lausafé, þ.m.t. en þó ekki takmarkað við vélbúnað tölva, hugbúnað eða samþætt rafeindakerfi (þ.m.t. örgjörvar og kísilflögur).
- Með "kerfi" er átt við hvers konar upplýsingar, fyrirmæli eða safn þeirra og hvers konar miðla fyrir upplýsingar og fyrirmæli í tölvutæku formi, á pappír eða í formi geisla, bylgna, eðlisfræðilegra áhrifa, efnaferla eða á öðru óáþreifanlegu eða áþreifanlegu formi.
- Vátryggingarskilmálar þessi gilda frá 1. janúar 2012.